

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 6. október 2020  
UST202009-087/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir fjallasel - Grákollur – Hrunamannahreppi.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Grákoll sem er innan friðlands Kerlingarfjalla í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillögurnar gera ráð fyrir 150 m<sup>2</sup> skála, fyrir allt að 30 gesti.

#### **Ásýnd**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að setja upp allt að 4 kV vindrafstöð og sólarsellu, allt að 100 m<sup>2</sup> að stærð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sólarsellu sé komið fyrir á þaki skálans.

#### **Samgöngur**

Í greinargerð kemur fram að staðurinn er í góðum tengslum við gönguleiðir um Kerlingarfjöll, t.d. hringleið umhverfis þau og með uppbyggingunni er einkum stuðlað að hæfilegri dagleið hestamanna. Auk þess kemur fram að vegslóði er að staðnum svo að möguleiki er að flytja farangur fyrir hópa.

Í skýringaruppdrætti 8 í gildandi aðalskipulagi kemur fram að aðkomuslóði að svæðinu er skilgreindur sbr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem vegur sem er opin almennri umferð.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt sé að skoða hvort takmarka ætti frekari umferð vélknúinna ökutækja að skálanum í samræmi við breyttar forsendur og áherslur deiliskipulagsins.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf)

#### **Leyfi**


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í deiliskipulagstillögunni að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar að því er tekur til friðlandsins, sbr. 12. gr. auglýsingar um friðland

Kerlingarfjalla. Stofnunin tekur fram að umsögn þessi jafngildir ekki leyfi til framkvæmda og þarf að sækja um það sérstaklega til stofnunarinnar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur